

**Nd.** **825. Frumvarp til laga** [286. mál]  
um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 605 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:

Innflytjandi fóðurvöru og sáðvöru skal í hvert sinn er hann hefur ákveðið innflutning á eftirlitsskyldri vöru tilkynna eftirlitsdeildinni:

1. Nafn framleiðanda/seljanda ásamt þeim upplýsingum sem hann kann að hafa um vöruna.
2. Heildarmagn sendingar og magn hversrar einstakrar tegundar og hlutfallslega samsetningu ef um blandaða vöru er að ræða.
3. Uppskipun er því aðeins heimil að innflytjandi hafi fullnægt fyrrgreindri tilkynningaskyldu til eftirlitsdeildarinnar.